

# B-saga

## Forsaga

*Galdrakarlinn kemur fljúgandi og úthellir reiði sinni:*

Ohh, ég er í svo vondu skapi!  
Mig langar til að gera eitthvað verulega vont!  
Hvað á ég að gera? Aha, nú veit ég! Ég ætla að stela öllum blómunum og læsa þau inni í kastalanum mínum!

**Abrakadabra! Bimmsalabimm!  
Nú færi ég þetta í kastalann minn!**

Og strax voru

- allar rósirnar
- allir fíflarnir
- allar páskaliljurnar
- allar lúpínurnar
- allar fjólurnar
- allar bláklukkurnar
- allar sóleyjarnar
- allir túlipanarnir
- öll sólblómin
- allar baldursbrárnar

á bak við lás og slá í kastala galdrakarlsins.

*Kennarinn tekur blómaspjöldin og festir þau á kastala galdrakarlsins.*

## Aðalsaga

Einn fagan sumardag vaknaði \_\_\_\_\_ snemma. Hann flýtti sér að borða morgunmat svo að hann gæti komist út í garð að leika sér. En hvað var nú þetta? Þegar hann kom út í garð tók hann eftir því, að það var eitthvað öðruvísi en það var vant að vera. Svo sá hann hvað það var. Það vantaði öll blómin!

"Bzzzt!" Skyndilega kom býfluga fljúgandi, og \_\_\_\_\_ til mikillar furðu fór hún að tala. "Bzzzt! Hjálp! Það kom vondur

galdrakarlf í nótt og tók öll blómin. Bzzzt! Hvað eigum við að gera?"

"Ég veit," sagði \_\_\_\_\_. "Við förum bara og fáum galdrakarlinn til að skila blómunum aftur!"

\_\_\_\_\_ og býflugan, sem hét Bína, héldu strax af stað til að finna kastala galdrakarlsins.

Þau voru búin að ganga lengi, lengi og ætluðu að stoppa til að borða nestið sitt, þegar þau heyrðu eymdarlegt baul uppi á hólum þar nálægt: "Muuuuh".

"Bína, getur þú ekki flogið upp á hólinn og séð hver er að baula?" spurði \_\_\_\_\_, og Bína flaug strax af stað. Skömmu síðar kom hún til baka, mjög æst. "Bzzzt! Þetta er kýr og það hefur einhver bundið hana með böndum svo að hún getur varla hreyft sig."

"Við verðum að hjálpa henni!" sagði \_\_\_\_\_ strax, og flýtti sér upp á hólinn til að leysa kúna.

"Muuu! Þakka ykkur kærlega fyrir," sagði kýrin við þau. "Ég heiti Búkolla, og það voru tvær skessur sem stálu mér og skildu mig hérna eftir. Mig langar að launa ykkur fyrir hjálpina. \_\_\_\_\_, taktu hár úr hala mínum og leggðu það á jörðina." \_\_\_\_\_ var svolítið undrandi, en gerði þetta samt. Hvað ætlaðist Búkolla fyrir?"

Svo sagði Búkolla: "Legg ég svo á og mæli um, að hárið verði að töfrapoka, sem taka má úr hvað sem á þarf að halda."

\_\_\_\_\_ og Bína þökkuðu fyrir töfrapokann og héldu för sinni áfram. Skömmu síðar komu þau að kastala galdrakarlsins.

Þótt \_\_\_\_\_ væri svolítið smeykur, bankaði hann á kastaladyrnar og galdrakarlinn kom til dyra.

"Hvað vilt þú, ormurinn þinn?" hreytti hann dónalega út úr sér.

Þá varð \_\_\_\_\_ svo reiður, að hann var ekki lengur hræddur við galdrakarlinn: "Þú átt ekki að tala svona við mig. Ég er ekki neinn ormur heldur strákur. Ég heiti \_\_\_\_\_, og ég kom til að fá þig til að skila aftur öllum blómunum sem þú tókst."

Galdrakarlinn hló illilega. "Ha, ha! Allt í lagi, en þá þarftu fyrst að leysa fyrir mig mjög erfiða þraut, sem ég er viss um að þú getur ekki. Þú þarft að láta mig hafa tíu hluti sem byrja á B."

\_\_\_\_\_ brosti bara. Hann vissi nefnilega, að hann gæti fengið hvað sem hann þyrfti úr pokanum sem Búkolla gaf honum. Hann stakk hendinni niður í pokann...

*(Barnið tekur tíu hluti upp úr pokanum, segir hvað þeir heita og leggur þá á borðið. Galdrakarlinn verður sífellt reiðari).*

Nú var galdrakarlinn búinn að fá tíu hluti eins

og hann bað um svo að hann varð að skila blómunum. En hann vildi ekki gefast svo auðveldlega upp, svo að hann kom með nýja þraut: "Þá það, þú skalt fá blómin – en bara ef þú getur sagt mér hvað þau heita!"

\_\_\_\_\_ brosti bara. Hann vissi nefnilega, að Bína býfluga þekkti öll blómin svo vel, að hún gæti örugglega hjálpað honum með blómanöfnin ef hann myndi þau ekki sjálfur...

*(Barnið bendir á blómaspjöldin tíu eitt af öðru í þeirri röð sem það sjálft vill, og segir um leið heiti blómanna).*

Galdrakarlinn var orðinn svo hissa og reiður á því að \_\_\_\_\_ skyldi geta leyst þrautina svo vel, að hann var orðinn alveg rauður í framan. "Krakkabjáni!" hrópaði hann allt í einu. "Þetta er alveg óþolandi! Ég er að hugsa um að breyta þér í broddgölt - eða kannski blaðlús!" En áður en hann gæti lyft töfrasprotanum sínum var Bína býfluga búin að fljúga að honum og stinga hann beint í nefið!

"Æ, æ, æ" emjaði galdrakarlinn og missti töfrasprotann. "Ó, ó, ó! Aumingja nefið mitt!". Og svo þaut hann inn í kastalann sinn og skellti á eftir sér. En \_\_\_\_\_ og Bína býfluga gátu ekki annað en skellt upp úr af hlátri. Svo héldu þau heim á leið, ánægð með vel unnið dagsverk.